

Til atvinnuveganefndar Alþingis.

Búðardal 30. apríl 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um dýrasjúkdóma o.fl. (innflutningur búfjárafurða), 766 mál.

Dalabyggð þakkar atvinnuveganefnd fyrir að senda sveitarfélaginu frumvarpið til umsagnar.

Byggðarráð Dalabyggðar hefur fjallað um frumvarpið. Þegar það var til kynningar í samráðsgátt skilaði Dalabyggð inn umsögn. Þessi umsögn er hér með ítrekuð til atvinnuveganefndar Alþingis.

Á fundi sínum 28.02.2019 samþykkti byggðarráð Dalabyggðar eftirfarandi ályktun vegna framkomins frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru:

Byggðarráð Dalabyggðar lýsir yfir verulegum vonbrigðum með framkomið frumvarp. Með innflutningi á ófrystu hráu kjöti, eggjum og ógerilsneyddum mjólkurvörum er verið að taka stórkostlegra áhættu varðandi lýðheilsu þjóðarinnar og íslenskra búfjárstofna auk þess að grafa undan fæðuöryggi Íslendinga.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO hefur skilgreint sýklalyfjaónæmi sem eina stærstu heilbrigðisögn heimsins. Byggðarráð mótmælir harðlega að búið sé að leggja drög að innflutningi á ófrosnu hráu kjöti, eggjum og ógerilsneyddum mjólkurvörum. Matvælaöryggi og lýðheilsa þjóðarinnar ásamt hreinleika búfjárstofna, þar sem Ísland hefur mikla sérstöðu, eiga alltaf að veða þyngra en viðskiptahagsmunir. Byggðarráð hvetur íslensk stjórnvöld til að kanna til hlýtar hvort endurskoða megi viðkomandi ákvæði innan EES samningsins, með það að markmiði að sækja um undanþágu fyrir Ísland vegna lítillar notkunar á sýklalyfjum í landbúnaði héraðs og alþjóðlegra skuldbindinga hvað varðar verndun íslenskra búfjárfyrirgjafa.

Ef frumvarpið verður að lögum má búast við auknum kostnaði innan heilbrigðiskerfisins vegna sýkinga af völdum fjölmæmra baktería í framtíðinni. Lág sjúkdómastaða og hreinar landbúnaðarvörur eru mikils virði en íslenskt búfjárfyrirgjafi hefur þar mikla sérstöðu í alþjóðlegu samhengi. Augljóst er hversu alvarlegar afleiðingar það hefði fyrir samfélagið og íslenskan landbúnað ef hingað bærust alvarlegir dýrasjúkdómar.

Byggðarráð Dalabyggðar gagnrýnir einnig hversu skammt á veg undirbúningur fyrirhugaðra mótvægisáðgerða virðist vera kominn og krefur stjórnvöld um að innflutt kjöt, egg og ógerilsneyddar mjólkurafurðir verði ekki leystar úr tolli fyrr en Matvælastofnun hefur staðfest með sýnatöku að ekki séu sýklalyfjaónæmar og aðrar bakteríur eða hættu á búfjárjúkdómum til staðar í viðkomandi vörum. Ekki verið veitt leyfi til innflutnings þar til öllum merkingum og öryggiskröfum um eftirlit verði tryggt.

Virðingarfyllt,
f.h. Dalabyggðar



Kristján Sturluson
sveitarstjóri

